

Reykjavík 17. maí 2013

Niðurstaða heildarathugunar hjá Lífeyrissjóði bænda

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt heildarathugun hjá Lífeyrissjóði bænda með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athugunin fór fram með gagnaöflun og heimsókn á starfsstöð lífeyrissjóðsins hinn 3. janúar 2013. Athugunin miðaðist við stöðu eigna hinn 30. september 2012. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir og ábendingar eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skal vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Drög að skýrslunni voru send lífeyrissjóðnum hinn 25. mars 2013 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Endanleg útgáfa skýrslunnar var send Lífeyrissjóði bænda hinn 8. maí 2013.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna athugasemda og ábendinga sem vikið er að í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda skal berast Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 8. júlí 2013.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma þegar athugunin fór fram. Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Fjármálaeftirlitið mun birta gagnsæistilkynningu að nýju á heimasíðu sinni þegar skýrsla innri endurskoðanda lífeyrissjóðsins um úrbætur liggur fyrir.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi sjóðsins voru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að innri starfsreglur sjóðsins hafi ekki verið yfirfarnar í samræmi við ákvæði þeirra reglna sem sjóðurinn hefur sjálfur sett sér. Einnig að ekki hafi verið fylgt eftir í öllum tilfellum verklagsreglum um verðbréfaviðskipti starfsmanna sjóðsins.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að ekki hafi verið farið eftir ákvæðum laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Er sérstaklega litið til þess að sjóðurinn hafi ekki sett sér skriflegar innri reglur, sbr. 23. gr. laga nr. 64/2006.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við eignastýringarsamning sjóðsins. Samningurinn hafði ekki verið uppfærður í þrjú ár til samræmis við þá fjárfestingastefnu sem gildir fyrir sjóðinn hverju sinni, en hún er að jafnaði yfirfarin a.m.k. árlega.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við lánveitingar til tveggja sjóðfélaga með lánsveði í eignum einkahlutafélags þeirra.

Gerðar voru nokkrar athugasemdir við útfyllingu skýrslna til Fjármálaeftirlitsins. Þeirra á meðal voru athugasemdir um að sjóðurinn hafi ekki haft fullnægjandi upplýsingar um fjárfestingar sínar í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum til að unnt væri að flokka undirliggjandi eignir þeirra samkvæmt ákvæðum laga. Þá voru m.a. gerðar athugasemdir við upplýsingagjöf sjóðsins um eign eftir helstu rekstrarfélögum verðbréfasjóða og ranga skráningu útgefenda verðbréfa. Fjármálaeftirlitið taldi jafnframt í nokkrum tilfellum að upplýsingagjöf sjóðsins þyrfti að vera nákvæmari.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að sjóðurinn væri ekki með skriflega þjónustusamninga við tvo hýsingaraðila.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er æskilegt að hugtakið „mikilsháttar og óvenjuleg ákvörðun“ sé skilgreint í starfsreglum framkvæmdastjóra, eða eftir atvikum í öðrum innri reglum sjóðsins.